

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Kjalarnes, Mógilsá og Kollaffjörður – Grundarhóll.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 6. júní 2024, breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar vegna Grundarhóls. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bólstaðarhlíð 38.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2024, breytingu á deiliskipulagi Bólstaðarhlíðar vegna lóðanna nr. 38 og 38A við Bólstaðarhlíð. Í breytingunni felst að lóðirnar verði sameinaðar í lóðina Bólstaðarhlíð 38 ásamt því að nýir byggingarreitir eru skilgreindir á lóð, fyrir færanlegar kennslustofur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Járnsléttu 4 og 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2024, breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Járnsléttu. Í breytingunni felst sameining lóðanna í eina lóð ásamt því að núverandi byggingarreitir eru minnkaðir og þeim þriðja bætt við á miðja lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 5. júlí 2024.*

**Björn Axelsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 8. júlí 2024